



Erindisbréf

Neyðarstjórnar Sveitarfélagsins Voga

Frumskylda Sveitarfélagsins Voga er að stuðla að öryggi og velferð íbúa bæjarins. Neyðarástand getur skapast þegar öryggi, velferð eða innviðum samfélagsins er ógnað þannig að hætta sé á röskun á starfsemi bæjarfélagsins.

Neyðarstjórn Sveitarfélagsins Voga hefur því hlutverki að gegna að samhæfa aðgerðir og grípa til neyðarráðstafana á hættustundu til að forgangsraða lögbundinni þjónustu og samfélagslega mikilvægri starfsemi. Ásamt því að tryggja almannaeill, lágmarka hugsanlegan samfélagslegan skaða og verja grunnstoðir í þjónustu sveitarfélagsins til að halda uppi nauðsynlegri starfsemi.

Þegar uppi eru aðstæður sem varða almannavarnir, vinnur neyðarstjórn eftir leiðbeiningum og fyrirmælum almannavarna og annarra til þess berra stjórnvalda. Við slíkar aðstæður vinnur neyðarstjórn m.a. eftir viðbragðsáætlunum almannavarna. Þá hefur neyðarstjórn tengingu við stjórn almannavarna á Suðurnesjum, þar sem bæjarstjóri á sæti

Neyðarstjórn skipa bæjarstjóri, sviðsstjórar og sérfræðingur stjórnsýslu. Sviðsstjórafundir eru jafnframt fundir neyðarstjórnar þegar þannig stendur á, en tekið skal fram að um fundi neyðarstjórnar sé að ræða. Neyðarstjórn hefur samráð við og boðar til funda við sig þá aðila sem þurfa þykir hverju sinni, allt eftir eðli mála og aðstæðum. Þar má m.a. nefna skólustjóra leik- og grunnskóla, og umsjónarmann eigna

Bæjarstjóri fer ásamt bæjarráði með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins. Fagsvið og stofnanir bera hvert í sínu lagi ábyrgð á þeirri þjónustu sem þau veita. Á hættustundu er neyðarstjórn virkjuð en að öðru leyti helst stjórnskipulag bæjarins óbreytt og ber hver stjórnandi ábyrgð á sínum starfsvettvangi eða starfsstöð skv. hefðbundnu skipulagi. Neyðarstjórn er ætíð virkjuð á neyðarstigi almannavarna og á hættustigi eftir þörfum.

Neyðarstjórn starfar í sérstöku umboði bæjarstjórnar, sem veitir neyðarstjórn heimildir og umboð til sinna starfa. Eðli mála samkvæmt getur neyðarstjórn við tilteknar aðstæður þurft að taka ákvarðanir og ráðast í óhjákvæmilegar aðgerðir sem hafa stuttan aðdraganda. Neyðarstjórn hefur þannig heimild til að taka ákvarðanir og stofna til útgjalda umfram það sem segir í fjárhagsáætlun enda sé um slík tilfelli að ræða að afgreiðsla þeirra þoli enga bið. Til þess hefur neyðarstjórn umboð, en skal hið fyrsta upplýsa bæjarráð og bæjarstjórn um þær aðgerðir og störf sem neyðarstjórn vinnur að hverju sinni. Bæjarráð er á hættustundu í viðbragðsstöðu þar sem nauðsynlegt getur verið að kalla til aukafundar til veitingar nauðsynlegra heimilda vegna sérstakra fjárútláta.